

Verkefnisstjórn rammaáætlunar
b.t. Stefáns Gíslasonar, formanns

Þingeyjarsveit, 30. júlí 2016

Endurskoðuð drög lokaskýrslu, kynnt 11. maí 2016 og skilgreining verndarsvæða

Samkvæmt kynntum drögum að lokaskýrslu verkefnisstjórnar 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar um flokkun virkjunarkosta og landsvæða hefur Skjálfandafljót og eftirfarandi virkjunarkostir í því verið settir í verndarflokk: Fljótshnúksvirkjun og Hrafnabjargavirkjun A, B og C.

Í kafla 4.2.1 um aðferðarfræði faghóps 1 við afmörkun landsvæða kemur fram að „Vatnasvið má nota sem almenna landfræðilega afmörkun sem spannar vatnafræðilega samfellu og vistfræðileg tengsl vítt og breitt um vatnasviðið. Svæði sem til greina koma vegna vatnsaflsvirkjana voru afmörkuð þannig að miðað var við vatnasvið ofan fyrirhugaðra stíflumannvirkja en þar fyrir neðan var aðeins tekinn meginfarvegurinn og næsta nágrenni hans (100-500 m út frá miðlinu eftir aðstæðum), sjá Mynd 1.“ Mynd 1 í skýrslunni sýnir yfirlit yfir áhrifasvæði einstakra virkjunarkosta.

Í þingsályktun 13/141 frá janúar 2013 voru virkjunarkostir flokkaðir í orkunýtingar-, bið- og verndarflokk. Þar voru Fljótshnúksvirkjun og Hrafnabjargavirkjun A settar í biðflokk. Þar kemur einnig fram að „Eftirfylgni og framkvæmd verndar- og orkunýtingaráætlunarinnar verði tryggð og hugað að undirbúningi og framkvæmd friðlysingar á verndarsvæðum áætlunarinnar.“ Þarna kemur hins vegar ekki fram hvernig verndarsvæði áætlunarinnar skuli afmörkuð og ekki koma fram rök fyrir því að skilgreind áhrifasvæði einstakra vatnsaflskosta eigi einnig að afmarka verndarsvæði þrátt fyrir að verðmætamat þess svæðis liggi fyrir, eins og virðist vera forsendan í tillögu lokaskýrslu fyrir 3. áfangann. Þetta þarf að skýra nánar og ekki er hægt að gera sjálfkrafa ráð fyrir að til að mynda eldri útfærsla virkjunarkostar Hrafnabjargavirkjunar, sem innifelur veitu Suðurár til Skjálfandafljóts, kalli á verndun náttúrulegs farvegar þess vatns neðan stíflna í Suðurá og Svartá.

Fyrirhuguð Svartárvirkjun, sem er rennslisvirkjun í Svartá í Bárðardal, mun hafa hverfandi áhrif á rennsli í Skjálfandafljóti og ætti því ekki að hafa áhrif á verndun farvegar fljótsins innan 100-500 m beltis.

Virðingarfyllst,


Pétur Bjarnason t.h. SSB Orku ehf

Fréttileg fagurð 020355
Ólafur Ólafsson 260559-1929

Bjarnastaðir

Jón Guðlaugsson 090246-3939.
Sæta-W. Jakobsd. 101050-7269

Rauðafell

Pál Kjartansson 17055-0-7649
Sigríður Baldursd. 231248-3239

Víðiker